



LANDSPÍTALI

ÁRSREIKNINGUR 2025

LANDSPÍTALI

ÁRSREIKNINGUR 2025

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnenda	3
Yfirlit um afkomu.....	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi.....	8
Skýringar.....	9



LANDSPÍTALI

MAÍ 2026

Landspítali, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, kt: 500300-2130

Skýrsla stjórnenda

Landspítali er þjóðarsjúkrahús og háskólasjúkrahús sem starfar samkvæmt lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, lögum nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga, lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn, lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál, svo og öðrum lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum sem kunna að snerta spítalann í heild eða einstaka þætti í starfsemi hans. Landspítali er A-hluta ríkisstofnun.

Landspítali er þekkingarfyrirtæki og þjónustustofnun í þágu sjúklinga og alls almennings. Spítalinn hefur þríþætta hlutverki að gegna, þ.e. þjónustu við sjúklinga, menntun heilbrigðisfólks og framkvæmd vísindarannsókna á heilbrigðissviði. Gildi spítalans eru umhyggja, fagmennska, öryggi og framþróun. Spítalinn leggur áherslu á velferð starfsfólks síns.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015. Lögin kveða á um að reikningsskil A-hluta ríkissjóðs skuli gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS).

Starfsemi Landspítala var umfangsmikil á árinu 2025. Alls sóttu 138.740 einstaklingar þjónustu til spítalans, sem er 2,6% fjölgun frá fyrra ári. Legur voru nánast óbreyttar milli ára, eða 26.662, en ferliþjónusta á dag- og göngudeildum jókst um 1,6% og rannsóknir hjá klínískri rannsókn- og stoðþjónustu um 3,6%. Fæðingum fjölgaði einnig og voru 3.206 á árinu. Þróunin endurspeglar sívaxandi þjónustubörf og mikilvægi þess að efla dag- og göngudeildarþjónustu spítalans með sérstakri áherslu á fjarþjónustu.

Skortur á legurýmum og viðeigandi vistunarúrræðum fyrir færnikerta einstaklinga utan spítalans hafði áfram veruleg áhrif á starfsemina. Meðalfjöldi innliggjandi sjúklinga með samþykkt færni- og heilsumat sem beið vistunarúrræðis jókst í 85,6 og legudögum sjúklinga sem dvöldu lengur en sólarhring á bráðamóttökunni í Fossvogi fjölgaði um 7,7% milli ára. Fjöldi skurðaðgerða var 14.209 og dróst saman um 2,2% frá fyrra ári en heildaraðgerðartími á skurðstofum jókst um 3%. Endurspeglar það fjölgun stærri og flóknari skurðaðgerða.

Ánægjulegt er að mannauður Landspítala styrktist á árinu. Þrátt fyrir það hefur veikindatíðni verið há sem hefur íþyngjandi áhrif á reksturinn. Á Landspítala störfuðu um 6.600 einstaklingar að meðaltali í hverjum mánuði og voru greidd stöðugildi að meðaltali 5.268, samanborið við 5.114 árið áður. Stöðugildum hjúkrunarfræðinga fjölgaði úr 1.434 í 1.512 og starfsmannavelta lækkaði úr 13,2% í 11,6%, sem styður við aukna þjónustugetu og stöðugleika í starfsemi spítalans.

Vöxtur í starfsemi spítalans milli ára var fjármagnaður með innri vexti fjárveitinga frá ríki og með uppgjöri úr sjóði vegna þjónustutengdrar fjármögnunar, samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands. Einnig var reksturinn styrktur með sérstöku framlagi ráðherra úr varasjóði málaflokksins. Rekstrarreikningur ársins er í halla um 903 m.kr., sem er 0,8% frávik.

Nýr kjarasamningur lækna var innleiddur á árinu en samkvæmt honum var vinnuvikan stytta hjá læknum eins og hjá öðrum stéttum. Ef launaendurmat hefði mætt raunkostnaði kjarasamninga og umframframleiðsla verið að fullu fjármögguð þá má ætla að rekstur spítalans væri í jafnvægi og afkoma jákvæð.

Í kjölfar breytinga á lögum um opinber fjármál hefur ríkt óvissa um meðhöndlun á fasteignum Landspítala. Fasteignir Landspítala eru ekki eignfærðar í ársreikningnum en þó er ýmis kostnaður vegna þeirra gjaldfærður auk þess sem haldið er utan um endurbætur meðal fastafjármuna. Fyrirvara verður því að gera varðandi afkomu og efnahagsstöðu. Fjallað er nánar um þetta í skýringu 17.

Eigið fé spítalans er neikvætt um 1.001,8 m.kr. í lok ársins. Ef frá er talin neikvæð staða höfuðstóls, sem rekja má til breytinga á lögum um opinber fjármál 2017, þá er höfuðstóll neikvæður um 300,0 m.kr., sjá nánar í skýringu 4. Eignir spítalans nema 31.582,8 m.kr. en skuldir eru samtals 32.584,5 m.kr.

Landspítali telur að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Landspítala á árinu 2025, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu spítalans þann 31. desember 2025, í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Með vísan til framangreindra upplýsinga staðfesta forstjóri og framkvæmdastjóri rekstrar- og mannauðssviðs ársreikning Landspítala fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. maí 2026



Runólfur Pálsson
Forstjóri



Gunnar Ágúst Beinteinsson
Framkvæmdastjóri

Yfirlit um afkomu ársins 2025

Tekjur	Skýr.	2025	2024
Fjárveitingar ríkisins til rekstrar	5	108.943.258	101.398.536
Frestaðar tekjur	5	1.840.831	1.840.336
Tekjufært ríkisframlag samtals		110.784.090	103.238.872
Þjónustutekjur	6	7.921.454	7.256.301
Tekjufærðir styrkir til fjárfestinga	7	257.387	151.952
Aðrar tekjur	8	6.055.147	6.017.575
Afgreiðslugjald og önnur gjöld af leyfisskyldum lyfjum	9	275.093	251.966
Tekjur af starfsemi samtals		14.509.081	13.677.793
Tekjur samtals		125.293.171	116.916.666
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	10	93.506.363	85.197.293
Vörunotkun	11	18.331.493	17.710.944
Aðkeypt þjónusta og leigugjöld	12	9.816.597	9.652.804
Annar rekstrarkostnaður	13	2.461.129	2.449.509
Afskriftir	15,16,17,18	2.128.598	2.021.162
Gjöld samtals		126.244.179	117.031.712
Afkoma án fjármagnsliða		(951.009)	(115.046)
Fjármunatekjur	14	48.012	60.056
Afkoma ársins		(902.996)	(54.990)

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	15	284.607	347.298
Varanlegir rekstrarfjármunir	16	7.079.328	7.271.503
Sjálfstæðar rekstrareiningar	18	408.232	260.822
Fyrirframgreitt vegna tækjakaupa		613.883	707.434
Eignaverk vegna fasteigna	17	5.466.841	5.136.027
Hlutafjáreign	19	2.500	2.500
Fastafjármunir samtals		13.855.392	13.725.584
Veltufjármunir			
Birgðir	20	2.226.462	1.957.977
Viðskiptakröfur	21	5.119.961	4.541.061
Aðrar skammtímakröfur	21	60.066	68.578
Ríkissjóður	23	10.122.669	9.040.115
Fyrirframgreiddur kostnaður		153.417	161.367
Handbært fé	22	44.803	86.062
Veltufjármunir samtals		17.727.378	15.855.161
Eignir samtals		31.582.770	29.580.745

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Eigið fé	4		
Höfuðstóll í ársbyrjun		(98.768)	(43.778)
Afkoma ársins		(902.996)	(54.990)
Eigið fé samtals		(1.001.765)	(98.768)
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Frestuð framlög	24	14.063.141	12.888.279
Fyrirfram innheimtar gjafir og styrkir v. fjárfestinga		1.103.315	1.222.010
Innlausn frestaðra framlaga næstu 12 mánuði		(1.466.584)	(1.536.924)
Langtímaskuldir samtals		13.699.872	12.573.365
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		6.918.449	5.886.530
Orlofsskuldbinding og frítímaréttur	25	9.250.002	8.357.189
Ógreidd laun og launatengd gjöld		1.249.628	1.325.506
Innlausn frestaðra framlaga næstu 12 mánuði		1.466.584	1.536.924
Skammtímaskuldir samtals		18.884.662	17.106.148
Skuldir samtals		32.584.534	29.679.513
Eigið fé og skuldir samtals		31.582.770	29.580.745

Yfirlit um sjóðsstreymi ársins 2025

Handbært fé (til) frá rekstri	2025	2024
Afkoma ársins	(902.996)	(54.990)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Frestaðar tekjur, gjafir og styrkir	(2.098.218)	(1.992.288)
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	<u>2.127.774</u>	<u>2.018.843</u>
Hreint veltufé til rekstrar án vaxta og skatta	(873.440)	(28.435)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Breyting á birgðum	(268.485)	(78.921)
Breyting á rekstrartengdum kröfum	(1.644.991)	(910.417)
Breyting á rekstrartengdum skuldum	<u>1.848.853</u>	<u>1.520.288</u>
Handbært fé (til) frá rekstri	<u>(938.063)</u>	<u>502.515</u>
Fjárfestingahreyfingar		
Tækjabúnaður og önnur fjárfesting	(1.420.112)	(2.315.110)
Endurbætur og nýframkvæmdir	<u>(837.469)</u>	<u>(933.055)</u>
Fjárfestingahreyfingar	<u>(2.257.581)</u>	<u>(3.248.165)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Innkomnar gjafir og styrkir v. fjárfestinga	138.692	230.054
Fjárfestingaframlag ársins	<u>3.015.693</u>	<u>2.587.711</u>
Fjármögnunarhreyfingar	<u>3.154.385</u>	<u>2.817.765</u>
Breyting á handbæru fé	(41.259)	72.115
Handbært fé í ársbyrjun	86.062	13.947
Handbært fé í árslok	<u><u>44.803</u></u>	<u><u>86.062</u></u>

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Landspítali er A-hluta ríkisstofnun og er megin starfsemi stofnunarinnar fólgin í rekstri á sjúkrahúsi og heilbrigðisþjónustu. Lögheimili stofnunarinnar er að Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.

2. Grundvöllur ársreiknings

Ársreikningur Landspítala fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál 123/2015. Reikningurinn er gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (International Public Sector Accounting Standards, IPSAS) með þeim frávikum sem lýst er í skýringum með honum. Auk þess er stuðst við lög um ársreikninga nr. 3/2006 varðandi atriði sem ekki er fjallað um í IPSAS-stöðlum.

Ársreikningurinn er á rekstrargrunni og byggir á kostnaðarverðsreglu reikningsskila. Reikningsskilin eru sett fram í íslenskum krónum, námunduð að næsta þúsundi, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Viðskipti við sjálfstæðar rekstrareiningar innan samstæðu Landspítala og stöður milli þeirra eru jafnaðar út við gerð ársreiknings, ásamt innbyrðisfærslum. Hagnaður/tap sem myndast hefur í innbyrðis viðskiptum hefur ekki verið eytt út.

Helstu reikningsskilaaðferðir sem ársreikningur Landspítala byggir á eru birtar í skyggðum boxum í viðkomandi skýringum.

Bókhald og fjármál

Bókhald Landspítala er fært hjá spítalanum í samræmdu bókhaldskerfi ríkisstofnana. Spítalinn annast sjálfur allar fjárreiður, forsendur launa og starfsmannahald.

Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikningsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum gerir ráð fyrir að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á val og beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda og tekna og gjalda auk skýringa.

Mat og gefnar forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru raunhæfir miðað við aðstæður. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru skoðaðar reglulega. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eru gerðar og einnig á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Innleiðingarætlun IPSAS

Í lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF) segir að reikningsskil fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild skuli gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (IPSAS) og tóku þau ákvæði gildi frá og með 1.1.2017.

Landspítalinn fylgir innleiðingarætlun Fjársýslu ríkisins og fjármála- og efnahagsráðuneytis um innleiðingu á IPSAS-staðla eftir því sem við á. Nú hefur komið í ljós að Fjársýsla ríkisins mun ekki gera kröfu um að einstakar stofnanir innleiðið IPSAS 43 um leigusamninga, heldur verður innleiðing stalsins eingöngu framkvæmd á samstæðu-/ríkisgrunni.

Þetta þýðir að Landspítalinn mun ekki innleiða IPSAS 43 sérstaklega í eigin ársreikningi, og verða hingað til fyrirhugaðar breytingar á meðferð leigusamninga innan stofnunarinnar því ekki teknar upp að svo stöddu. Landspítalinn heldur áfram að fylgja þeim IPSAS stöðlum sem þegar hafa verið innleiddir eða gilda á stofnunarstigi.

3. Starfspáttayfirlit

	Stoðsvið	Klínísk svið	Sjálfstæðar rekstrar- einingar	Utan sviða	Samtals
Tekjufært ríkisframlag ..	23.697.851	88.450.156	(235.242)	(1.128.676)	110.784.090
Rekstrartekjur	1.549.667	6.080.370	13.965.169	(1.470.139)	20.125.068
Tekjur samtals	25.247.518	94.530.527	13.729.928	(2.598.815)	130.909.157
Laun og tengd gjöld	14.587.463	77.540.879	1.378.021	0	93.506.363
Önnur rekstrargjöld	10.848.084	18.744.719	12.129.148	(3.416.160)	38.305.791
Gjöld samtals	25.435.548	96.285.597	13.507.169	(3.416.160)	131.812.154
Afkoma starfspátta	(188.030)	(1.755.070)	222.759	817.346	(902.996)

Samkvæmt stjórnskipulagi spítalans árið 2025 skiptist hann í 11 svið. Undir þessum skipulagseiningum eru svo sjálfstæðar rekstrareiningar. Spítalanum má í meginráttum skipta í tiltekna starfspætti á árinu 2025. Fyrir nánari sundurliðun á fjárhæðum sjá skýringu númer 29.

4. Eigið fé

Ójafnað eigið fé spítalans nam 1.001,8 m.kr. í lok árs. Neikvætt eigið fé, sem rekja má til launaskuldbindinga frá því í lok árs 2016 þegar breyting varð á bókunarreglum með nýjum lögum um opinber fjármál, er 701,8 m.kr. Á móti er annað eigið fé tæplega 300,0 m.kr. Gerð er grein fyrir breytingu eigin fjár á árinu 2025 í meðfylgjandi sundurliðun.

Ójafnað eigið fé 1.1.2017 vegna breytinga tengt launum í LOF	(701.794)
Annað ójafnað eigið fé 1.1.2025	603.026
Eigið fé 1.janúar 2025	(98.768)
Tekjuhalli án ríkisframlags	(111.687.086)
Tekjufært ríkisframlag ársins	110.784.090
Afkoma ársins	(902.996)
Ójafnað eigið fé 1.1.2017 vegna breytinga tengt launum í LOF	(701.794)
Annað ójafnað eigið fé 31.12.2025	(299.970)
Eigið fé 31.12.2025	(1.001.765)

5. Fjárheimildir og rekstur

	Fjárheimildir 2025	Áætlun ársins	Ársreikningur	Mismunur
Laun og launatengd gjöld	(90.538.200)	(92.121.662)	(93.506.363)	(1.384.701)
Önnur rekstrargjöld	(27.296.028)	(28.553.875)	(32.450.050)	(3.896.175)
Rekstrartekjur	8.477.300	9.921.826	14.251.694	4.329.868
Rekstrarniðurstaða				(951.009)
Afskriftir		(2.128.598)	(2.128.598)	0
Fjárfestingarframlag	(3.015.000)	1.824.804	1.840.831	16.028
Framlag úr frestuðum tekjum		16.028		(16.027)
Styrkir og gjafir til fjárfestinga		257.387	257.387	0
Vextir og gengismunur		0	48.012	48.012
Mismunur gjalda og tekna	(112.371.928)	(110.784.090)	(111.687.086)	(902.996)

Í fjárheimildum ársins 2025, að millifærslum meðtöldum, voru Landspítala ætlaðar 112.371,9 m.kr. í ríkisframlag. Áætlaðar fjárheimildir ársins eru tilgreindar á grundvelli áætlaðra raunútgjalda sviða yfir árið.

Rekstrarframlag ríkisins er fært í rekstrarreikning á grundvelli fjárlaga og fjáraukalaga og í samræmi við ákvæði í fylgiriti með fjárlögum ársins.

Fjárfestingaframlag á fjárlögum er ekki tekjufært í afkomu ársins á fjárveitingarári heldur er framlagið fært sem skuld í efnahagsreikning sem fyrirfram innheimtar tekjur. Innlausn í afkomu ársins verður á móti afskriftum á notkunartíma eignanna.

6. Þjónustutekjur

	2025	2024
Rannsóknir	3.366.614	3.196.836
Komur á göngudeildir og bráðadeildir	1.286.660	1.245.495
Daggjöld og tekjur af ósjúkratryggðum sjúklingum	2.134.125	1.894.105
Sérfræðiþjónusta, önnur	392.010	342.273
Hjálpartæki og önnur seld þjónusta	742.046	577.592
Samtals	7.921.454	7.256.301

Þjónustutekjur fela í sér tekjur spítalans af eiginlegri heilbrigðisþjónustu til einstaklinga, annarra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, auk leigu á ýmsum hjálpartækjum vegna sjúkdóma.

Tekjur af sölu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt.

7. Styrkir til kaupa á tækjabúnaði og til annarra fjárfestinga

Styrkir og gjafir til fjárfestinga á spítalanum koma frá sjálfstæðum sjóðum, líknarsamtökum, félagasamtökum og einstaklingum. Oftast eru framlögin reidd fram hverju sinni vegna tiltekins búnaðar. Á tímabilinu janúar til desember 2025 voru móttæknar gjafir og styrkir vegna fjárfestinga samtals 138,7 m.kr. Tekjufært var á árinu 257,4 m.kr.

Gjafir og styrkir til fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum eru ekki færðir til tekna í rekstrarreikningi á móttökuári, heldur sem skuld í efnahagsreikningi sem fyrirfram innheimtar tekjur. Innlausn í rekstrarreikningi verður á móti afskriftum á notkunartíma eignanna.

8. Aðrar tekjur

	2025	2024
Vörusala	4.180.472	4.306.933
Önnur seld þjónusta	659.414	568.930
Selt fæði	820.108	708.369
Rannsókná - og þróunarverkefni	51.300	80.226
Leigutekjur	89.955	77.170
Aðrar tekjur	253.898	275.946
Samtals	6.055.147	6.017.575

Tekjur af seldum vörum eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Leigutekjur eru færðar línulega yfir leigutímann í yfirlit um afkomu.

9. Leyfisskyld lyf

	2025	2024
Sala án afgreiðslu- og annarra gjalda	5.521.178	5.690.388
Afgreiðslu- og önnur gjöld	275.093	251.966
Endurkræfur kostnaður	(5.521.178)	(5.690.388)
Samtals	275.093	251.966

Með nýjum lyfjalögum sem tóku gildi 1. janúar 2021 var felld á brott skilgreining á S-merktum lyfjum en vikuð út skilgreining á leyfisskyldum lyfjum. Við breytinguna voru mörg S-merkt lyf gerð almenn og falla því ekki hér undir. Landspítalinn fær leyfisskyld lyf endurgreidd frá sérstökum fjárlagalið 08-212 sem heldur utan um kostnað lyfjanna. Eftir sitja tekjur á Landspítala sem nema afgreiðslugjaldi og öðrum gjöldum.

10. Laun og launatengd gjöld

	2025	2024
Föst laun	55.671.183	50.166.867
Önnur laun	21.025.699	19.484.329
Launatengd gjöld	16.809.481	15.546.097
Samtals	93.506.363	85.197.293

Ársverk starfsmanna Landspítala voru 5.268 að meðaltali á árinu 2025, en þau voru til samanburðar 5.114 á árinu 2024. Á árinu 2025 voru 6.601 starfsmenn að störfum að meðaltali í hverjum mánuði á spítalanum í mismunandi starfshlutfalli, en til samanburðar var sá fjöldi 6.448 á árinu 2024. Miðað er við alla starfsmenn sem verið hafa á launaskrá, bæði dagvinnufólk og tímavinnufólk.

Réttindi starfsmanna til launa, árlegt orlof, starfsleyfi og önnur svipuð launaréttindi eru færð í yfirlit um afkomu þegar réttur starfsmanna til þeirra stofnast.

11. Vörunotkun

	2025	2024
Lækninga- og hjúkrunarvörur	7.157.333	6.690.835
Lyf	2.240.004	2.187.112
Lyf samkvæmt lyfseðli	3.943.516	4.093.335
Rannsóknarvörur	1.625.318	1.539.419
	<u>14.966.170</u>	<u>14.510.702</u>
Matvæli	1.732.601	1.587.305
Orkugjafar	651.228	615.858
Áskriftir vísindarita, bækur og skrifstofuvörur	298.448	268.937
Byggingavörur	259.011	309.103
Lín, fatnaður og hreinlætisvörur	424.035	419.038
	<u>3.365.323</u>	<u>3.200.242</u>
Samtals	<u><u>18.331.493</u></u>	<u><u>17.710.944</u></u>

Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir hinum ýmsu liðum vörukaupa, að teknu tilliti til birgðabreytinga þar sem við á.

Vörubirgðir eru metnar á meðalkostnaðarverði á grundvelli stöðu í birgðakerfum og birgðatalninga, að teknu tilliti til niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara og lagerhalds. Niðurfærsla hvers lagers er metin sérstaklega.

12. Aðkeypt þjónusta og leigugjöld

	2025	2024
Sérfræðiþjónusta	3.255.859	3.212.441
Verkkaup	2.943.504	3.079.343
Leigu- og afnotagjöld	1.569.334	1.446.248
Ferðir, fundir, risna o.f.l.	545.154	491.608
Aðkeyptur akstur	895.299	885.954
Flutningaþjónusta	379.201	352.681
Annað	228.246	184.528
Samtals	<u><u>9.816.597</u></u>	<u><u>9.652.804</u></u>

13. Annar rekstrarkostnaður

	2025	2024
Opinber gjöld og tryggingar	827.225	788.173
Framlag til rannsókna og gæðaverkefna	177.010	159.969
Minniháttar tæki, áhöld og varahlutir	1.268.748	1.283.079
Ýmis óreglulegur kostnaður	188.147	218.288
Samtals	<u><u>2.461.129</u></u>	<u><u>2.449.509</u></u>

Fasteinagjöld eru bókuð til gjalda í rekstrarreikningi þrátt fyrir að fasteignir séu ekki eignfærðar hjá Landspítala.

Rekstrarkostnaður er færður á því tímabili þegar til hans er stofnað.

14. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2025	2024
Vaxtatekjur	73.762	70.055
Vaxtagjöld	(5.199)	(14.401)
Gengismunur	(20.551)	4.402
Samtals	48.012	60.056

Kröfur, þ. á m. vaxtakröfur, eru færðar niður í lok ársins vegna þekktrar eða metinnar tapsáhættu. Allur fjármagnskostnaður er færður í afkomu ársins á því tímabili sem hann fellur til.

Vaxtatekjur eru færðar til tekna í afkomu ársins á því tímabili sem til þeirra er unnið.

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Gengishagnaður og gengistap er jafnað út og nettó niðurstaða færð meðal fjármunatekna eða fjármagnsgjalda eftir atvikum.

15. Óefnislegar eignir

	Óefnislegar eignir
Stofnverð 1.1.2025	704.317
Viðbót á árinu	64.493
Selt/niðurfært á árinu	(102.986)
Stofnverð 31.12.2025	665.824
Afskriftir	
Afskriftir 1.1.2025	357.020
Afskriftir ársins	127.183
Selt/niðurfært á árinu	(102.986)
Afskriftir 31.12.2025	381.217
Bókfært verð 1.1.2025	347.298
Bókfært verð 31.12.2025	284.607
Afskriftarhlutföll	10-33%

Óefnislegar eignir sem eru keyptar sérstaklega eru metnar á kostnaðarverði. Eftir upphaflega færslu eru óefnislegar eignir færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun sé hún til staðar. Allur kostnaður vegna óefnislegra eigna sem verður til innan Landspítala er gjaldfærður í afkomu ársins á því ári sem kostnaðurinn fellur til.

16. Varanlegir fastafjármunir (án sjálfstæðra rekstrareininga og fasteigna)

	Lækningatæki	Bifreiðar	Annað lausafé	Samtals
Stofnverð 1.1.2025	15.050.141	271.634	1.632.679	16.954.455
Viðbót á árinu	1.006.826	8.180	243.692	1.258.698
Selt/niðurfært á árinu	(1.357.552)	(4.380)	(163.513)	(1.525.445)
Stofnverð 31.12.2025	14.699.415	275.434	1.712.858	16.687.708
Afskriftir 1.1.2025	8.590.537	87.478	1.004.936	9.682.951
Afskriftir ársins	1.251.092	32.141	164.940	1.448.173
Selt/niðurfært á árinu	(1.357.552)	(1.680)	(163.513)	(1.522.745)
Afskriftir 31.12.2025	8.484.077	117.939	1.006.364	9.608.379
Bókfært verð 1.1.2025	6.459.605	184.156	627.742	7.271.503
Bókfært verð 31.12.2025	6.215.338	157.496	706.494	7.079.328
Afskriftarhlutföll	5-16,67%	10-12,5%	0-20%	

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eigna á kostnaðarverði eða matsvirði sé um gjafir að ræða, að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun sé hún til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili spítalanum framtíðarávinningi og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í afkomu ársins þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar.

Söluhagnaður/-tap af sölu eigna er mismunur á söluverði að frádregnum sölukostnaði og bókfærðu verði á söluþegi. Söluhagnaður/-tap er fært í yfirlit um afkomu ársins.

17. Eignaverk vegna fasteigna

Stofnverð 1.1.2025	7.181.107
Viðbót á árinu	837.470
Stofnverð 31.12.2025	8.018.577
Afskriftir 1.1.2025	2.045.080
Afskriftir ársins	506.656
Afskrift 31.12.2025	2.551.736
Bókfært verð 1.1.2025	5.136.027
Bókfært verð 31.12.2025	5.466.841

Útgjöld til eignaverka vegna fasteigna eru færð upp til eignar meðal fastafjármuna í efnahagsreikningi, enda er Landspítali ekki eigandi fasteignanna. Fasteignir eru eignfærðar hjá ríkissjóði og því er um kröfu á ríkissjóð að ræða. Hún er færð sem langtímakrafa og á móti er langtímaskuld sem er fjárfestingaframlag vegna fasteigna.

Fasteignir Landspítala eru ekki eignfærðar í ársreikningnum skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Viðhald fasteigna og fasteignagjöld eru þó gjaldfærð sem rekstrarkostnaður í afkomu ársins. Aftur á móti er endurbótum á fasteignum og nýframkvæmdum haldið sérstaklega til haga og kostnaður vegna verkanna færður meðal fastafjármuna undir liðinn "Eignaverk vegna fasteigna". Á móti er bókað meðal langtímaskulda á liðinn „Fjárfestingaframlag vegna eignaverka“. Ríkissjóður innheimtir ekki húsaleigu hjá Landspítala og eru því afnot spítalans af fasteignunum endurgjaldslaus á árinu.

18. Sjálfstæðar rekstrareiningar

	Þvottahús	Apótek	Matsala sjúkrahótels	Samtals
Stofnverð 1.1.2025	423.101	70.970	15.507	509.578
Viðbót á árinu	193.995	0	0	193.995
Selt/niðurfært á árinu	(43.362)	0	0	(43.362)
Stofnverð 31.12.2025	573.734	70.970	15.507	660.211
Afskriftir 1.1.2025	207.229	40.217	1.310	248.756
Afskriftir ársins	38.460	6.574	1.551	46.585
Selt/niðurfært á árinu	(43.362)	0	0	(43.362)
Afskriftir verð 31.12.2025	202.328	46.791	2.860	251.979
Bókfært verð 1.1.2025	215.872	30.753	14.198	260.822
Bókfært verð 31.12.2025	371.406	24.179	12.647	408.232
Afskriftarhlutföll	10%	10%	10%	

Sjálfstæðar rekstrareiningar innan Landspítala eru fjárhagslega aðgreindar á þann hátt að þær fá ekki fé til rekstrar eða fjárfestinga af framlagi ríkisins m.a. vegna samkeppnisaðstæðna. Fjármögnun fjárfestinga þessara rekstrareininga skal koma frá sjóðstreymi rekstrar. Haldið er sérstaklega utan um tækjakaup þessara rekstrareininga. Ofangreind tafla sýnir stöðu tækjabúnaðar á þessum einingum.

19. Hlutafjáreign

Hlutafjáreign er hlutur Landspítala í Rannsókn- og háskólaneti Íslands hf. Sá hlutur er bókaður á nafnverði og nemur eignarhluturinn 4,6%. Að auki er spítalinn lítill hluthafi í 11 einkahlutafélögum á Íslandi, en þau félög teljast til sprotafyrirtækja. Landspítali hefur eignast hlutina án endurgjalds í peningalegum verðmætum, en fengið þá í stað aðstöðusköpunar, tímabundins vinnuframlags starfsmanna eða við framsal réttinda. Nafnverð þessara hluta er samtals 396,6 þús. kr. og hlutdeild Landspítala er á bilinu 0,3%-17,3%. Talsverð óvissa er um raunverulegt verðmæti flestra þessara hluta. Skoðun í lok árs 2025 leiddi hvorki til þess að þessir hlutir væru endurmetnir né að hlutdeildaraðferð væri beitt við færslu hlutanna til eignar í efnahagsreikningi.

20. Vörubirgðir

	Varúðar- niðurfærsla 31.12.2025	Verðmæti eftir niðurfærslu 31.12.2025	Verðmæti eftir niðurfærslu 31.12.2024
Lækninga- og hjúkrunarvörur	26.742	455.520	393.860
Lyf	34.112	727.171	636.463
Rannsókn- og röntgenvörur	41.642	466.106	523.689
Rekstrarvörur	20.877	568.419	389.149
Matvæli	750	9.246	14.816
Samtals	124.124	2.226.462	1.957.978

Vörubirgðir eru færðar á meðalkostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist, á grundvelli stöðu í birgðakerfum og birgðatalninga, að teknu tilliti til niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara og lagerhalds. Niðurfærsla hvers lagers er metin sérstaklega.

21. Skammtímakröfur

	2025	2024
Viðskiptakröfur		
Heilbrigðisstofnanir	724.359	689.168
Sjúkratryggingar Íslands	595.481	483.703
Einstaklingar	801.468	703.868
Erlendar kröfur	1.088.942	722.653
Fyrirtæki og ýmsar stofnanir	307.764	331.379
Apótek	1.220.663	492.489
Leyfisskyld lyf, viðskiptakrafa á fjárlagalið 08-212	565.488	1.354.950
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(184.204)	(237.148)
Viðskiptakröfur samtals	5.119.961	4.541.062
Aðrar skammtímakröfur	60.066	68.578
Samtals	5.180.027	4.609.640

21. Skammtímakröfur frh.

Niðurfærsla viðskiptakrafna

Viðskiptakröfur spítalans eru færðar niður til að mæta þekktu eða áætluðu tapi. Niðurfærslureikningur í lok ársins og breyting hans á árinu er sem hér segir:

	<u>2025</u>
Niðurfærslureikningur 1.1.2025	237.148
Bein afskrift krafna	(237.433)
Framlag í niðurfærslureikning	184.489
Niðurfærslureikningur 31.12.2025	184.204

Skammtímakröfur eru einkum vegna vörusölu eða seldrar þjónustu til Sjúkratrygginga Íslands, heilbrigðisstofnana og almennings. Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindar útistandandi kröfur spítalans.

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

22. Handbært fé

Landspítali hefur tekið að sér þjónustu við og fjárhagslega umsjón með ýmsum sjálfseignastofnunum, sérsjóðum og verkefnum, sem tengjast starfsemi spítalans. Meðal annars er um að ræða fjárstýringu og reglubundna skráningu tekna og gjalda í fjárhagsbókhaldi, auk launabókhalds. Bókhald þessara aðila er ekki hluti af bókhaldi Landspítala.

Þessa sérsjóði má í meginráttum flokka í tvennt:

Sjóðir með staðfesta skipulagsskrá eða sjóðsreglur

Í þessum flokki eru 9 lögaðilar og 52 sjóðir. Þeirra á meðal má nefna Vísindasjóð LSH, Berklaveikrasjóðinn Þorbjörg, Minningarsjóð Margrétar Oddsdóttur og Landspítalasjóð Íslands. Meðal stærstu einstakra undirsjóða Landspítalasjóðs eru sjóðir sem tengjast barnadeildum spítalans. Bankareikningar sem tilheyra þessum sérsjóðum eru samtals 51 og innstæða í árslok 2025 nemur samtals 922,5 m. kr.

Rannsóknar- og vísindaverkefni

Fjölmargir einstaklingar og hópar eru skráðir fyrir sjóðum er tengjast ýmsum sjálfstæðum rannsóknar- og vísindaverkefnum. Fjöldi bankareikninga vegna þessara verkefna í árslok 2025 er 248. Innstæður á einstökum bankareikningum eru mjög mismunandi, eða allt frá fáeinum krónum til 77,7 m. kr. Samtals eru innstæður á þessum reikningum í árslok 2025 um 911,8 m. kr.

	<u>2025</u>
Handbært fé Landspítala	44.803
Handbært fé - Sjóðir með staðfesta skipulagsskrá	923
Handbært fé - Rannsóknar- og vísindaverkefni	912

Handbært fé samanstendur af reiðufé, bankareikningum og innstæðum með skemmri en þriggja mánaða binditíma.

23. Ríkissjóður

Staða og hreyfingar í viðskiptum við ríkissjóð eru sem hér segir:

Staða við ríkissjóð 1. janúar 2025	3.893.518
Staða orlofsskuldbindingar 1. janúar 2017	5.146.598
Staða 1.janúar 2025	9.040.116
Framlag til rekstrar	108.943.258
Fjárfestingaframlag	1.396.600
Framlag vegna eignaverka	1.618.400
Móttæknar greiðslur	(110.875.705)
Staða 31. desember 2025	10.122.669

Í efnahagsreikningi er greiðslustaða Landspítala við ríkissjóð tilgreind sérstaklega. Þessi staða sýnir mismun á milli ríkisframlaga og greiðslna úr ríkissjóði til spítalans. Jafnframt eru fjárfestingaframlög ársins færð yfir viðskiptareikning. Í lok desember 2025 nam krafa spítalans á ríkissjóð 10.122,7 m.kr. Orlofs- og frítímaréttaskuldbindingin er enn þá hluti af stöðu við ríkissjóð en sundurgreint í upphafsstöðu í samræmi við samþykkt Alþingis á ríkisreikning 2017 þann 16. maí 2019, sem veitir heimild til að bæta stofnunum upp áhrif orlofsskuldbindinganna á eigið fé.

24. Frestuð framlög

	Aðrir varanlegir fastafjármunir	Vegna eignaverka	Vegna birgða og önnur verkefni	Samtals
Flutt frá fyrra ári	8.069.046	4.617.763	201.470	12.888.280
Framlag ársins	1.396.600	1.618.400	0	3.015.000
Hagnaður af sölu	693	0	0	693
Afskriftir/notkun	(1.428.112)	(396.691)	(16.028)	(1.840.831)
Staða í lok ársins	8.038.227	5.839.472	185.443	14.063.141

Fyrirfram innheimt fjárfestingaframlag, frestað framlag vegna eldri varanlegra rekstrarfjármuna og fyrirfram innheimtar gjafir og styrkir færðir meðal langtímaskulda. Þessar fyrirfram innheimtu tekjur eru ekki færðar í rekstrarreikning.

Fjárfestingaframlag á fjárlögum er ekki tekjufært í afkomu ársins á fjárveitingarári heldur er framlagið fært sem skuld í efnahagsreikning sem fyrirfram innheimtar tekjur. Innlausn í afkomu ársins verður á móti afskriftum á notkunartíma eignanna.

25. Orlof og annar launatengdur frítímaréttur

	<u>2025</u>	<u>2024</u>
Sumarorlof	7.203.419	6.379.706
Hvildartímafrí	1.530.557	1.230.794
Vaktafrí og annar áunninn frítími	516.026	746.689
Samtals	<u>9.250.002</u>	<u>8.357.189</u>

Skuldbinding spítalans vegna orlofsréttinda og annarra áunninna frítímaréttinda starfsmanna í lok ársins er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Gjaldfærsla í rekstrarreikningi á sér stað við ávinnslu réttinda.

Í kjölfar breytinga á lögum um opinber fjármál var orlofsskuldbindingin færð til skuldar í ársbyrjun 2017 og samkvæmt fyrirmælum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu var hún færð meðal veltufjármuna. Í ársreikning 2019 var gerð sú breyting að upphafsstaðan frá 2017 var færð á móti stöðu við ríkissjóð, sjá nánar skýringu númer 23.

Í janúar 2025 kom í ljós villa í leyfisskuldbindingarkeyrslu tengt breytingu á útreikningi eftir kjarasamninga gerða árið 2024. Leiðrétting var bókuð í fjárhagskerfi skv. fyrirmælum og útreikningi frá Fjársýslu ríkisins.

26. Eignir utan efnahagsreiknings

	<u>Fasteignamat</u>	<u>Brunabótamat</u>
Hringbraut	24.534.372	35.615.663
Fossvogur	9.016.586	15.293.310
Landakot	2.531.380	4.179.200
Kópavogur	3.481.500	3.389.300
Kleppur	2.502.202	2.994.196
Vífilstaðir	928.390	1.576.790
Grensás	1.476.250	2.227.700
Tunguháls	1.002.550	1.049.550
Sumarhús starfsmanna	617.886	619.200
Aðrar eignir	3.380.000	4.415.580
Samtals	<u>49.471.116</u>	<u>71.360.489</u>

Fasteignir sem tilheyra Landspítala eru ekki eignfærðar í efnahagsreikningi samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Í meðfylgjandi sundurliðun er tilgreint fasteigna- og brunabótamat þeirra fasteigna, sem tilheyra spítalanum í lok ársins 2025.

Útgjöld til eignaverka vegna fasteigna eru færð upp til eignar meðal fastafjármuna í efnahagsreikningi, enda er Landspítali ekki eigandi fasteignanna. Fasteignir eru eignfærðar hjá ríkissjóði og því er um kröfu á ríkissjóð að ræða.

27. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Námsleyfi lækna

Í lok desember 2025 nemur reiknuð skuldbinding vegna óbókaðra námsleyfa lækna samtals 1.098,1 m.kr.

Réttur lækna til námsleyfis er ekki færður sem skuldbinding í efnahagsreikningi vegna óvissu um úttekt. Kostnaður vegna þessara leyfa er gjaldfærður við úttekt.

Samningar

	Skuldbinding		Til Greiðslu	
	31.12.2025	2026	2027	2028
	2.954.404	663.144	650.370	636.178
Samtals	2.954.404	663.144	650.370	636.178

Landspítalinn hefur gert þjónustusamninga vegna reksturs tölvukerfa og lækningatækja. Þessir þjónustusamningar eru ekki færðir í efnahagsreikning. Afborganir eru gjaldfærðar við greiðslu. Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir heildarskuldbindingu og framtíðargreiðslur án tillits til framtíðarverðbólgu.

Húsaleiga

	31.12.2025	Innan árs	1-5 ár	Yfir 5 ár
Húsleiga	5.476.072	847.818	3.730.109	2.354.482
Samtals	5.476.072	847.818	3.730.109	2.354.482

Landspítalinn hefur gert húsaleigusamninga með mismunandi samningstíma eða uppsagnarfresti. Fjárhagslegar skuldbindingar spítalans vegna þessa nema 5.476,1 m.kr. í lok árs 2025.

Húsaleigusamningar eru ekki færðir sem skuldbinding í efnahagsreikning og réttindi ekki færð til eignar á móti. Sama á við um skuldbindandi samninga, sem gerðir hafa verið við öflun óefnislegra eigna á fyrri árum.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er ekki færð í ársreikninginn þar sem heildarskuldbinding ríkisstofnana er færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

28. Fimm ára rekstraryfirlit

Í meðfylgjandi yfirliti er gerð grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur í rekstrarafkomu og efnahag spítalans á árunum 2021-2025. Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

Fjárhæðir í millj. kr.

	2025	2024	2023	2022	2021
Tekjur	14.509	13.678	12.292	10.900	10.308
Gjöld	(124.068)	(114.950)	(106.866)	(101.975)	(92.467)
Afskriftir	(2.129)	(2.021)	(3.236)	(1.526)	(1.411)
Gjöld umfram tekjur	(111.687)	(103.294)	(97.810)	(92.601)	(83.570)
Ríkisframlag samtals	110.784	103.239	98.416	94.142	86.246
Afkoma ársins	(903)	(55)	606	1.541	2.676
Fastafjármunir	13.855	13.726	12.131	12.070	11.787
Veltufjármunir	17.727	15.855	15.159	14.968	13.898
Eignir samtals	31.583	29.581	27.290	27.038	25.685
Höfuðstóll	(1.002)	(99)	(44)	(650)	(2.191)
Langtímaskuldir	13.700	12.573	11.811	12.466	12.105
Skammtímaskuldir	18.885	17.106	15.523	15.222	15.771
Eigið fé og skuldir samtals	31.583	29.581	27.290	27.038	25.685

29. Rekstraráætlun 2025

Svið og kjarnar	2025	Áætlun	Mismunur	Frávik %
Skrifstofa forstjóra	1.139.014	1.176.487	37.473	3,2%
Skrifstofa hjúkrunar	1.281.303	1.261.612	(19.691)	(1,6%)
Skrifstofa lækninga	4.999.990	4.631.255	(368.734)	(8,0%)
Þróunarsvið	2.738.274	2.763.635	25.361	0,9%
Rekstrar- og mannauðssvið	13.634.348	13.825.631	191.283	1,4%
Stoðsvið	23.792.927	23.658.620	(134.308)	(0,6%)
Bráða-, lyflækninga- og endurhæfingarþj.	25.096.298	24.582.903	(513.395)	(2,1%)
Hjarta-, augn- og krabbameinsþjónusta	12.178.468	11.974.925	(203.543)	(1,7%)
Skurðlækninga-, skurðstofu- og gjörgæsluþj	22.357.752	22.112.756	(244.997)	(1,1%)
Kvenna- og barnaþjónusta	10.750.273	10.563.185	(187.088)	(1,8%)
Geðþjónusta	8.635.285	8.513.983	(121.303)	(1,4%)
Klínísk rannsókn- og stoðþjónusta	10.822.104	10.506.395	(315.709)	(3,0%)
Klínísk svið	89.840.180	88.254.146	(1.586.034)	(1,8%)
Ósjúkratryggðir	(2.070.830)	(1.608.293)	462.537	(28,8%)
Landspítali sameiginlegt	124.809	210.992	86.183	40,8%
Leyfis skyld lyf	(0)	0	0	0,0%
Miðlæg verkefni	0	268.625	268.625	100,0%
Utan sviða	(1.946.021)	(1.128.676)	817.346	(72,4%)
Samtals	111.687.086	110.784.090	(902.996)	(0,8%)

